

Ed. 515. Frumvarp til laga [210. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 55 12. maí 1970 og lög nr. 23 3. maí 1972.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. mars.)

1. gr.

70. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 55 12. maí 1970, breytist sem hér segir:

a. 1. mgr. orðist svo:

Eigandi skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í váttryggingafélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við váttryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 2 000 000.00 fyrir létt bifhjól, kr. 3 000 000.00 fyrir dráttarvél, kr. 3 000 000.00 fyrir bifhjól og kr. 6 000 000.00 fyrir bifreið.

b. Í stað „kr. 200 000.00“ í 2. mgr. komi: kr. 400 000.00.

2. gr.

Í stað „2.5%“ í 73. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 23 3. maí 1972, komi: 2%.

Aftan við 3. mgr. 73. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 23 3. maí 1972, bætist:

Þó er eiganda skrásetts dráttartækis, sbr. 1. mgr. 67. gr., heimilt að kaupa tryggingu gegn endurkröfu váttryggingafélags skv. 1. mgr., þegar endurkrafan er sprottin af tjóni vegna dráttar á öðru ökutæki.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. koma þó til framkvæmda 1. mars 1974.

Jafnframt fellur úr gildi 2. gr. laga nr. 55 12. maí 1970.